

3. fundur samstarfsnefndar Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps

Fundur haldinn þann 2. nóvember kl. 17 í fjarfundi á Zoom.

Fundinn sátu:

- Jón Gíslason, formaður
- Ragnhildur Haraldsdóttir
- Þóra Sverrisdóttir
- Einar Kristján Jónsson
- Arnrún Bára Finnsdóttir
- Guðmundur Haukur Jakobsson
- Jón Örn Stefánsson
- Valdimar O. Hermannsson
- Róbert Ragnarsson, RR ráðgjöf
- Jón Hrói Finnsson RR ráðgjöf sem ritaði fundargerð.

1. Tillaga og álit samstarfsnefndar

Fulltrúar sveitarfélaganna kynntu áherslur sveitarfélaganna í viðræðum um sameiningu. Frekari umræðum frestað til næsta fundar.

2. Kynningarmál og almannatengsl

Ráðgjafar fóru yfir stöðu á uppfærslu á heimasíðu og aðlögun að breyttum aðstæðum.

3. Umhverfisakademía

Framhald frá síðasta fundi. Eftirfarandi fulltrúar voru skipaðir í starfshóp um stofnun Umhverfisakademíu.

- Einar Kristján Jónsson, formaður
- Magdalena Berglind Björnsdóttir
- Magnús B. Jónsson
- Unnur Valborg Hilmarsdóttir

Einari falið að tilkynna fulltrúum um skipunina og boða til fyrsta fundar.

4. Kostnaðaráætlun og umsókn til Jöfnunarsjóðs

Róbert fór yfir drög að kostnaðaráætlun fyrir verkefnið og umsókn til Jöfnunarsjóðs. RR og JG fá umboð samstarfsnefndar til að ganga frá umsókninni og senda hana til Jöfnunarsjóðs.

5. Samningur við RR ráðgjöf um verkefnisstjórn og ráðgjöf

Róbert kynnti drög að verksamningi um aðkomu RR ráðgjafar að verkefninu. Formanni falið að ganga frá samningnum.

6. Næsti fundur

Næsti fundur nefndarinnar verður fimmtudaginn 11. nóvember kl. 17 á Húnavöllum.

Fundargerðin var lesin upp og staðfest.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 18.45.